

## 1. Almennt:

Veiðifélag Ytri-Rangár (kt. 691092-2599), Þrúðvangi 5, 850 Hellu, sótti um nýtt rekstrarleyfi vegna 40 tonna hámarkslífmassa af laxi í seiðaeldi þann 8. desember 2020.

Fiskeldisstöðin er staðsett á landi með frárennsli í settjörn og þaðan í Kaldá sem rennur í Hvítá í Borgarfirði. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Eldisker eru útbúin ristum til varnar því að fiskur sleppi með frárennsli. Stærð rista á kerum ræðst af stærð fisks í eldi á hverjum tíma. Jafnframt er seinni vörn í formi seiðagildru við enda settjarnarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi hafi verið móttækin og þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 5. nóvember til 3. desember 2021 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmetan grundvöll til útgáfu rekstrarleyfisins.

## 2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Veiðifélags Ytri-Rangár. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 40 tonn til seiðaeldis á laxi að Húsafellslandi, Borgarbyggð.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Matvælastofnun afhendir samhliða rekstrarleyfinu starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 11. mars 2038.

Selfossi, 11. mars 2022